

Við andlát maka

Ætlað eldra fólki aðallega



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið



LEB
Landsamband
eldri borgara

Sorgin er eðlilegur fylgifiskur ástvinamissis. Andlát getur borið að fyrirvaralaust eða með mislöngum aðdraganda. En fæstir eru viðbúinir missinum og það kann að koma mörgum á óvart hversu mikið umstang fylgir andláti. Landssamband eldri borgara hefur heyrt frá mörgum félögum sínum að oft getur verið erfitt að átta sig á hvað þarf að gera, hvar og hvernig. Þess vegna er ráðist í að gera þennan bækling.

Landspítali, útfararstofur, Tryggingastofnun ríkisins og fleiri aðilar veita mikilvægar upplýsingar við andlát maka en það er þægilegt að hafa það helsta á einum stað. Hér er gerð tilraun til að búa til lista yfir þá þætti sem nauðsynlegt er að sinna þegar í stað eða síðar og stofnanir sem hægt er að ráðfæra sig við.

Á www.island.is eru mjög mikilvægar upplýsingar sem fólk er hvatt er til að skoða.

Dánarvottorð

Læknir úrskurðar um andlát og gefur út dánarvottorð. Aðstandendur fá leiðbeiningar um hvert skuli sækja dánarvottorðið. Dánarvottorði þarf að koma til sýslumanns áður en útför fer fram.

Undirbúningur útfarar

Gott er að byrja á því að leita til sóknarprests, annars prests sem valinn hefur verið eða forstöðumanns trúfélags/lífsskoðunarfélags. Á útfararstofu fást leiðbeiningar um hvað gera þarf. Yfirlit yfir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu eru á vef Landspítala: www.landspitali.is/utfararthjonustur. Á stöðum þar sem ekki eru útfararstofur, er þessi þjónusta yfirleitt í höndum starfsmanns kirkjugarðs í viðkomandi byggðarlagi. (Tónlist. Blóm eða fána á kistu. Sálmaskrá, sumar útfararstofur taka að sér hönnun og prentun. Kistuberar. Streymi. Erfidrykkja.) Útfararstofur veita einnig alla aðstoð í þeim tilvikum þegar ekki er óskað eftir að prestur sé viðstaddur.

Dánartilkynningar

Hafa þarf samband við fjölmiðla fljótlega, helst samdægurs eða næsta dag ef tilkynna á andlátíð opinberlega og e.t.v. auglýsa jarðarför. (RÚV, Morgunblaðið, Fréttablaðið.) Ýmsir kjósa að þakka fyrir hlýhug að jarðarför lokinni.

Bálför

Sækja þarf skriflega um líkbrennslu. Útfararstofur aðstoða við slíkt.

Fjármál

Þegar dánarvottorð er komið til sýslumanns þá lokast bankareikningar sem eru á nafni hins látna. Í raun eru ekki til sameiginlegir bankareikningar hjóna/sambúðarfólks þar sem þeir eru alltaf skráðir á eina kennitölu. Þessi reikningur eða reikningar opnast ekki fyrr en fyrir liggur heimild til setu í óskiptu búi eða leyfi hefur fengist til einkaskipta. Bankinn



leyfir þó úttekt fyrir útfararkostnaði gegn reikningum.

Erfingjar sem fengið hafa leyfi til einkaskipta geta skipt eignum búsin, selt eignir o.s.frv. áður en skiptum er lokið, samþykki allir erfingjar slíka ráðstöfun. Íslandsbanki og Landsbankinn hafa nýverið sett upp síður þar sem finna má svör við ýmsum mikilvægum spurningum sem kunna að vakna hjá eftirlifandi maka:

www.islandsbanki.is/is/timamot/fracfall-i-fjolskyldu

www.landsbankinn.is/einstaklingar/fraedsla/timamot/ad-hverju-tharf-ad-huga-vid-skiptingu-danarbua

Nauðsynlegt er að fá yfirlit yfir beingreiðslur makans í bankanum og einnig eigin beingreiðslur til að fá heildaryfirlit. Í framhaldi af því getur þurft að flytja fastar greiðslur yfir á reikning eftirlifandi maka.

Um margt getur verið að ræða og athugið að þessi listi er ekki tæmandi.

- ~ Húsaleigu
- ~ Húsgjöld
- ~ Vátryggingar, gott að biðja um yfirlit yfir allar tryggingar og upphæðir.
- ~ Sími, fastur sími, ljósleiðari, nettengingar o.s.frv.
- ~ Áskriftir ýmiss konar. (Tímarit, happdrætti, félagsgjöld o.s.frv.)
- ~ Fasteignagjöld.
- ~ Veitur (ljós og hiti), orkuskattar. Orkufyrirtæki eru stundum fleira en eitt í sama sveitarfélagi.
- ~ Ef fólk á sumarbústað þá þarf að hafa samband við viðkomandi sveitarfélag og orkuveitu þar vegna t.d. fasteignagjalda og orkusölu (ljósleiðari.)

Tryggingastofnun ríkisins

Tryggingastofnun ríkisins sendir bréf vegna fráfalls maka/sambúðarmaka skömmu eftir andlát. Þar eru mikilvægar leiðbeiningar um réttindi og greiðslur vegna þessara breyttu aðstæðna, t.d.:

- ~ Um sameiginlegar fjármagnstekjur
- ~ Möguleika til að sækja um heimilisuppbót á Mínum síðum á vef tr.is.
- ~ Ábending um rétt til makalífeyris frá lífeyrissjóði eða sjóðum sem maki fékk greiðslur frá. Ef réttur er til staðar og greiðslur hefjast er mikilvægt að leiðrétta tekju-áætlunina á **Mínum síðum tr.is**.
- ~ Ábending um heimild til að nýta skattkort maka í átta mánuði eftir andlátið.
- ~ Um að réttindi til lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun falla niður frá og með næstu mánaðarmótum eftir andlát.
- ~ Um endurreikning réttinda og/eða þátttöku í dvalarkostnaði ef við á.
- ~ Um að hægt sé að óska eftir bráðabirgðauppgjöri á réttindum.
- ~ Rétt er að kanna hvort möguleikar geta verið á eftirlífendalífeyri/makalífeyri erlendis frá ef maki þinn átti rétt á slíku. Hægt er að sækja um slíkan lífeyri í gegnum Tryggingastofnum ef um er að ræða EES land, Bandaríkin eða Kanada. Umsóknareyðublað er á tr.is.



Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá TR í síma **5604460**, með tölvupósti á tr@tr.is. Einnig er hægt að fá ráðgjöf í þjónustumiðstöðinni í Hlíðarsmára 11 í Kópavogi eða umboðum Tryggingastofnunar hjá sýslumannsembættunum um land allt.

Erfðamál

Hafi kaupmáli verið gerður á milli hjóna þá er hann skráður hjá sýslumanni. Hið sama getur átt við um erfðaskrár en þó er það ekki skylt eins og með kaupmála. Eftirlifandi maki á rétt til setu í óskiptu búi með sameiginlegum börnum nema hinn látni hafi kveðið á um það í erfðaskrá að skipti skuli fara fram. Sérreglur gilda um börn hins látna (stjúpbörn þess sem eftir lifir), sem eiga rétt á að gengið sé frá arfsmálum ef ekki liggur fyrir erfðaskrá eða kaupmáli um annað. Eftirlifandi sambúðarmaki á ekki rétt til setu í óskiptu búi. Enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks nema ef kveðið er á um hann í erfðaskrá. Ef ekki liggur fyrir erfðaskrá þá heldur eftirlifandi sambúðarmaki sínum eignum en eignir hins látna skiptast milli erfingja hans.

Opinber skipti og einkaskipti

Einkaskipti eru langalgengust við skipti dánarbúa. Hin leiðin er opinber skipti, þ.e. sýslumaður tekur búið yfir og skiptir milli erfingja. Samkomulag þarf að vera á milli erfingja um einkaskipti til að leyfi fáiast. Sækja þarf um slíkt leyfi innan fjögurra mánaða frá andláti og er leyfi almennt gefið út til eins árs, þ.e. erfingjar þurfa að ljúka skiptum innan þess tíma. Í því felst að ganga frá s.k. einkaskiptagerð og erfðafjárskýrslu og afhenda sýslumanni. Greiða þarf erfðafjárskatt. Mikilvægt er að erfingjar geri sér grein fyrir því að með því að sækja um leyfi til einkaskipta þá ábyrgjast þeir allar þekktar og óþekktar skuldir hins látna. Ef miklar skuldir eru í búinu eða fjármálaóreiða getur því verið hagkvæmara að láta opinber skipti fara fram.

Lífeyrissjóðir - Séreignasparnaður

Hafa þarf samband við lífeyrissjóð/lífeyrissjóði hins látna vegna réttinda til makalífeyris. (Sjá líka kaflann um Tryggingastofnun.) Sambúðar- aðili á sama rétt til makalífeyris og maki, hafi aðilar átt sama lögheimili, sambúð varað lengur en tvö ár eða ef þau eiga saman barn eða konan er þunguð. Ekki er greiddur erfðaskattur af séreignasparnaði eins og öðrum arfi. Greiddur er tekjuskattur. Hægt er að fá séreignasparnað greiddan út í heild eða með föstum greiðslum yfir ákveðið tímabil. Börnum/stjúpbörnum er að sjálfsögðu heimilt að afþakka arfshlut sinn í séreignasparnaði og eftirláta hann alfarið eftirlifandi maka til framfærslu. Hjá mörgum lífeyrissjóðum er sérstakur reitur á eyðublaðinu fyrir erfingja að samþykkja slíkt.

Heilsugæslan

Heilsugæslulæknar, hjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk heilsugæslustöðva um allt land sinnir fólki sem upplifir einmanaleika og kvíða við missi og hvatt er til að hafa samband þangað ef eitthvað er.

Stuðningur í sorg

Sjúkrahúsprestar og djákni eru ávallt tiltæk á Landspítala. Þau sinna sálgæslu, ráðgjöf og stuðningi við sjúklinga og aðstandendur. Þau leiða helgistundir við dánarbeð, sinna eftirfylgd við syrgjendur og koma þeim í samband við aðra hjálparaðila (t.d.prest), sé þess óskað og eftir því sem þörf krefur. Maki og aðrir aðstandendur þurfa ekki að vera meðlimir í þjóðkirkjunni til að fá aðstoð.

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð eru starfrækt á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Nánari upplýsingar veita prestar, djáknar og útfararstofur.

